

Skólareglur - agi og umgengni

Í janúar 2009 var tekin upp SMT-skólafærni. Markmið SMT-skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir óæskilega hegðun nemenda með því að gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti, kenna og þjálfa félagsfærni og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Skólareglur/ reglutöflu Lundarskóla er að finna á heimasíðu skólans undir SMT tengli.

Ákvæði um skólareglur:

1. Í Lundarskóla er í gildi punktakerfi á unglingsstigi (sjá 7.12.9).
2. Skólareglur Lundarskóla og punktakerfi gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
3. Gerist nemandi brotlegur að öðru leyti en getið er í reglum þessum, er unnið samkvæmt 30. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 og nánari ákvæðum reglugerðar um skólareglur og aga í grunnskólum.
4. Stjórnendur skólans áskilja sér þann rétt að endurskoða reglur eftir því sem við á hverju sinni.

Viðurlög við brotum á skólareglum

- A. Verði misbrestur á að tilkynna forföll er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.
- B. Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa nemandanum úr tíma. Komi til slíkrar brottvísunar skal nemandi fara tafarlaust til skrifstofu deildarstjóra/skólastjóra. Umsjónarkennara skal gerð grein fyrir agabroti nemandans og forráðamenn látnir vita.
- C. Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Týni nemandi bók sem skólinn lánar eða veldur á henni skemmdum skal viðkomandi bæta tjónið.
- D. Verði nemandi uppvís að notkun fjarskiptatækja eða tölvuleiktækja í kennslustund mun viðkomandi tæki gert upptækt og verða forráðamenn að sækja það til skólastjórnenda. Einnig eru hlutir er skapa slyshættu s.s. hnífar, eldfæri o.s.frv. gerðir upptækir og þurfa forráðamenn að sækja þá til skólastjórnenda.
- E. Gerist nemandi sekur um alvarleg brot á skólareglum eða lögum almennt hvar sem er á vegum skólans er haft samband við forráðamenn og þeir beðnir að ná í nemandann annars má gera ráð fyrir að nemandinn verði sendur heim á kostnað forráðamanna.
- F. Brjóti nemandi reglur skólans, færir kennari, deildarstjóri/skólastjóri það inn í dagbók nemandans í Mentor.

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er honum veitt áminning. Beri áminningin ekki viðunandi árangur er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna á hans málum enda verði forráðamönnum og fræðsluyfirvöldum tilkynnt tafarlaust um ákvörðun skólafyrivalda og veittur andmælaréttur.

SMT agastefna Lundarskóla

<http://lundarskoli.is/smt-2/>